

# Hleðsluinnviðir við gististaði



## Hleðsluinnviðir við gististaði

Júní 2026

**Útgefandi:** Umhverfis- og orkustofnun

**Útgáfunúmer:** UOS-2026:17

Umsýsla sjóðsins er í höndum **Umfhverfis- og orkustofnunar**

Suðurlandsbraut 24      Rangárvellir 2  
108 Reykjavík          603 Akureyri

Sími 569 6000

**[www.orkusjodur.is](http://www.orkusjodur.is)**

## Efnisyfirlit

|                                                                 |    |
|-----------------------------------------------------------------|----|
| Hluti I — Auglýsing .....                                       | 5  |
| Hluti II — Handbók .....                                        | 7  |
| 1 Inngangur .....                                               | 7  |
| 1.1 Hlutverk Loftslags- og orkusjóðs .....                      | 7  |
| 1.2 Lagastoð .....                                              | 7  |
| 1.3 Áherslur stjórnar vegna hleðsluinnviða við gististaði ..... | 7  |
| 1.4 Markmið styrkjanna .....                                    | 8  |
| 2 Um styrkina .....                                             | 8  |
| 2.1 Styrkfjárhæðir .....                                        | 8  |
| 2.2 Greiðsluskipan .....                                        | 8  |
| 3 Styrkhæfi .....                                               | 8  |
| 3.1 Hverjir geta sótt um .....                                  | 8  |
| 3.2 Styrkhæf verkefni .....                                     | 9  |
| 3.3 Rekstrarskuldbinding .....                                  | 9  |
| 4 Styrkhæfur kostnaður .....                                    | 10 |
| 4.1 Viðurkenndur kostnaður .....                                | 10 |
| 4.2 Ekki styrkhæfur kostnaður .....                             | 10 |
| 5 Umsókn .....                                                  | 10 |
| 5.1 Umsóknargátt .....                                          | 10 |
| 5.2 Efni umsóknar .....                                         | 10 |
| 5.3 Fylgigögn .....                                             | 11 |
| 5.4 Samstarfssamningur .....                                    | 11 |
| 5.5 Frestir .....                                               | 12 |
| 5.6 Leiðbeiningar um góða umsókn .....                          | 12 |
| 6 Matsferli .....                                               | 12 |

|      |                                                |    |
|------|------------------------------------------------|----|
| 6.1  | Yfirlit.....                                   | 12 |
| 6.2  | Formlegt mat á styrkhæfi .....                 | 12 |
| 6.3  | Faglegt mat fagraðs.....                       | 13 |
| 6.4  | Forgangsröðun .....                            | 13 |
| 6.5  | Ákvörðun stjórnar.....                         | 13 |
| 6.6  | Samskipti við umsækjendur á matstímabili ..... | 14 |
| 7    | Samningar og greiðslur.....                    | 14 |
| 7.1  | Tilkynning um niðurstöðu .....                 | 14 |
| 7.2  | Samningur .....                                | 14 |
| 7.3  | Greiðsluskipan.....                            | 14 |
| 7.4  | Gildistími samnings og framlenging .....       | 15 |
| 8    | Skýrslugjöf og eftirfylgni.....                | 15 |
| 8.1  | Tilkynningarskylda á verktíma .....            | 15 |
| 8.2  | Lokaskýrsla og fjárhagsuppgjör .....           | 15 |
| 8.3  | Eftirlit á rekstartíma .....                   | 15 |
| 8.4  | Kynningarefni .....                            | 15 |
| 8.5  | Varðveisla gagna.....                          | 16 |
| 8.6  | Birting upplýsinga .....                       | 16 |
| 9    | Endurkröfuréttur .....                         | 16 |
| 10   | Almennar upplýsingar.....                      | 16 |
| 10.1 | Hæfi og vanhæfi .....                          | 16 |
| 10.2 | Meðferð trúnaðarupplýsinga .....               | 16 |
| 10.3 | Misferli og rangar upplýsingar .....           | 17 |
| 10.4 | Tengiliðir og fyrirspurnir.....                | 17 |

## Hluti I — Auglýsing

### Styrkir til uppbyggingar hleðsluinnviða við gististaði

Loftslags- og orkusjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki til uppbyggingar hleðsluinnviða við gististaði á Íslandi. Markmið átaksins er að fjölga stöðum þar sem gestir hafa aðgang að hleðslu rafbíla og styðja þannig við orkuskipti í ferðaþjónustu og loftslagsmarkmið stjórnvalda.

### Markmið

Styrkjunum er ætlað að:

- Fjölga gististöðum þar sem gestir hafa aðgang að hleðsluinnviðum fyrir rafbíla.
- Styðja við rafvæðingu bílaleiguflotans og hvetja ferðamenn til að velja rafbíla fremur en bíla sem knúnir eru jarðefnaeldsneyti.
- Stuðla að þéttara neti og tryggari hleðsluaðstöðu við gististaði um land allt.

### Hverjir geta sótt um

Umsækjandi skal vera lögaðili. Tvenns konar aðilar geta sótt um:

1. Rekstrarleyfishafi gististaðar af tegund a (hótel) eða b (stærra gistiheimili) samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, með gilt rekstrarleyfi.
2. Rekstraraðili hleðslustöðva sem sækir um í samvinnu við slíkan gististað. Þá skal samstarfssamningur liggja fyrir.

Einstaklingar, A-hluta ríkisaðilar og lögaðilar í vanskilum við ríkissjóð geta ekki sótt um. Sjá nánar í handbók.

### Heildarfjárhæð til úthlutunar

Heildarfjárhæð til úthlutunar er allt að 50 m.kr.

### Styrkhlutfall og hámark

- Styrkhlutfall er allt að 33% af styrkhæfum kostnaði án virðisaukaskatts.
- Hámarksfjárhæð styrks á hvern gististað: 1 m.kr.
- Ekkert lágmark er á styrkuppþæð.
- Mótframlag umsækjanda skal vera að lágmarki 67% af styrkhæfum kostnaði.

### Helstu skilyrði verkefna

- Verkefnið er við gististað af tegund a eða b samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 sem rekin er með gilt rekstrarleyfi.
- Sé umsækjandi rekstraraðili hleðslustöðva liggur fyrir samstarfssamningur við rekstrarleyfishafa gististaðarins.
- Verkefnið felur í sér uppsetningu að lágmarki tveggja nýrra hleðslustöðva (2x 22 kW).

- Eingöngu eru styrkt ný verkefni. Uppsetning hleðslustöðvanna má ekki vera hafin þegar sótt er um.
- Hleðslustöðvarnar skulu vera aðgengilegar gestum gististaðarins.
- Búnaður skal uppfylla viðeigandi öryggis- og CE-kröfur sem gilda á EES-svæðinu.
- Vinna við raflagnir og tengingar skal unnin af löggiltum rafverktaka og vera í samræmi við leiðbeiningar Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar um hleðslu rafbíla og raflagnir.
- Styrkþegi skuldbindur sig til að reka hleðslustöðvarnar í að lágmarki fimm ár frá gangsetningu.
- Styrkur greiðist í einni greiðslu eftir að hleðslustöðvarnar eru komnar í rekstur og lokaskýrsla hefur verið samþykkt.

### Umsóknarfrestur

Opnað verður fyrir umsóknir 1. júlí 2026 og lokafrestur er til 15. október 2026 kl. 15:00. Umsóknir skulu berast í gegnum rafrænt umsóknarkerfi á [orkusjodur.is](http://orkusjodur.is).

### Nánari upplýsingar

Nánari lýsing á umsóknarferli, kröfum, fylgigögnum og matsferli er í handbók sem fylgir þessari auglýsingu. Svör við almennum fyrirspurnum verða birt í „Spurt og svarað“ á vef sjóðsins. Öðrum spurningum má beina til [orkusjodur@uos.is](mailto:orkusjodur@uos.is).

## Hluti II — Handbók

Handbók þessi lýsir markmiðum, skilyrðum, umsóknarferli, matsferli, samningsgerð og eftirfylgni vegna styrkja til uppbyggingar hleðsluinnviða við gististaði. Handbókin byggir á reglugerð nr. 1566/2024 um Loftslags- og orkusjóð.

### 1 Inngangur

#### 1.1 Hlutverk Loftslags- og orkusjóðs

Loftslags- og orkusjóður stuðlar að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda Íslands með stuðningi við verkefni sem miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlut innlendra endurnýjanlegra orkugjafa. Sjóðurinn styður auk þess verkefni sem stuðla að orkuöryggi, samkeppnishæfni í orkumálum og loftslagsmarkmiðum stjórnvalda. Umhverfis- og orkustofnun annast daglega umsýslu sjóðsins undir yfirstjórn stjórnar.

#### 1.2 Lagastoð

Um Loftslags- og orkusjóð gilda [lög nr. 76/2020](#) um Loftslags- og orkusjóð og [reglugerð nr. 1566/2024](#) um Loftslags- og orkusjóð með síðari breytingum. Umhverfis- og orkustofnun, sem starfar samkvæmt lögum nr. 110/2024, annast umsýslu sjóðsins.

Um gististaði gilda [lög nr. 85/2007](#) um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og [reglugerð nr. 1277/2016](#) um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Í 4. gr. reglugerðarinnar eru gististaðir skilgreindir í tegundir, þar sem tegund a tekur til hótela og tegund b til stærri gistiheimila. Styrkir samkvæmt handbók þessari taka eingöngu til gististaða af tegundum a og b.

#### 1.3 Áherslur stjórnar vegna hleðsluinnviða við gististaði

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs hefur ákveðið að ráðast í sérstakt átak til uppbyggingar hleðsluinnviða við gististaði. Bílaleigubílar eru stór hluti bílaflotans á Íslandi og því er lykilatriði að rafvæðingu þeirra verði hraðað og að ferðamenn velji rafbíla í auknum mæli fremur en bíla sem knúnir eru jarðefnaeldsneyti. Þéttara hleðslunet og tryggari hleðsluaðstaða við gististaði geta stutt við þá þróun.

Átakið leggur áherslu á að fjölga þeim stöðum þar sem gestir hafa aðgang að hleðslu, fremur en að auka við hleðsluinnviði þar sem stöðvar eru þegar til staðar. Uppbygging á stöðum þar sem innviðir eru þegar fyrir hendi er ekki útilokuð en hefur áhrif á mat umsókna, sbr. kafla 6.3.

## 1.4 Markmið styrkjanna

- Fjölga gististöðum þar sem gestir hafa aðgang að hleðsluinnviðum fyrir rafbíla.
- Styðja við rafvæðingu bílaleiguflotans og auka líkur á að ferðamenn velji rafbíla.
- Stuðla að þéttara neti og tryggari hleðsluaðstöðu við gististaði um land allt.

## 2 Um styrkina

### 2.1 Styrkfjárhæðir

Til ráðstöfunar í þessu átaki eru allt að 50 m.kr. Stjórn sjóðsins er heimilt að úthluta lægri heildarfjárhæð en auglýst er ef ekki berast nægjanlega margar styrkhæfar umsóknir.

Styrkur nemur allt að 33% af styrkhæfum kostnaði án virðisaukaskatts, þó að hámarki 1 m.kr. á hvern gististað. Hver gististaður getur aðeins hlotið styrk einu sinni. Ekkert lágmark er á styrkupp hæð og mótframlag umsækjanda skal vera að lágmarki 67% af styrkhæfum kostnaði.

### 2.2 Greiðsluskipan

Styrkupp hæð greiðist í einni greiðslu eftir að verkefni hefur verið lokið og hleðslustöðvar (að lágmarki 22 kW hver stöð) eru komnar í rekstur og lokaskýrsla ásamt fylgigögnum hefur verið samþykkt af sjóðnum. Nánari lýsing er í kafla 7.3.

## 3 Styrkhæfi

### 3.1 Hverjir geta sótt um

Umsækjandi skal vera lögaðili og getur verið annaðhvort:

1. Rekstrarleyfishafi gististaðar af tegund a (hótel) eða b (stærra gistiheimili) samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 með gilt rekstrarleyfi, eða
2. rekstraraðili hleðslustöðva sem sækir um í samvinnu við gististað af tegund a eða b, á grundvelli undirritaðs samstarfssamnings.

Þegar rekstraraðili hleðslustöðva er umsækjandi ber hann ábyrgð á að uppfylla öll skilyrði styrkveitingarinnar, og skal sú ábyrgð tekin fram í samstarfssamningi við gististaðinn.

Eftirtaldir eru ekki styrkhæfir:

- Einstaklingar.
- A-hluta ríkisaðilar.
- Lögaðilar í vanskilum við ríkissjóð.

- Verkefni við gististaði af öðrum tegundum en a og b samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 eru ekki styrkhæf, óháð því hvor aðilinn sækir um.

## 3.2 Styrkhæf verkefni

Styrkhæf verkefni takmarkast við gististaði sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- Gististaðurinn er af tegund a (hótel) eða b (stærra gistiheimili) samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 og hefur gilt rekstrarleyfi útgefið af sýslumanni.
- Þegar umsækjandi er rekstraraðili hleðslustöðva liggur fyrir undirritaður samstarfssamningur við gististaðinn.
- Verkefnið felur í sér uppsetningu að lágmarki tveggja nýrra hleðslustöðva, að lágmarki 22 kW hver stöð.
- Uppsetning hleðslustöðvanna má ekki vera hafin þegar umsókn er lögð fram.
- Hleðslustöðvarnar verða aðgengilegar gestum gististaðarins.
- Framkvæmdir eru í samræmi við leiðbeiningar Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar um hleðslu rafbíla og raflagnir.

Markmið átaksins er að fjölga stöðum þar sem hleðsla er aðgengileg. Gististaðir sem hafa engar eða ófullnægjandi hleðsluinnviði fyrir eru því í forgangi við mat umsókna. Uppbygging þar sem hleðslustöðvar eru þegar til staðar er ekki útilokuð en fær lægri einkunn, sbr. kafla 6.3.

Allar hleðslustöðvar sem styrktar eru skulu uppfylla eftirfarandi lágmarkskröfur:

| Krafa                 | Skilgreining                                                                                                                                                                           |
|-----------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Fjöldi og afl         | Verkefnið felur í sér að lágmarki tvær nýjar hleðslustöðvar. Hver ný hleðslustöð skal hafa að lágmarki 22 kW afl.                                                                      |
| Aðgengi               | Stöðvarnar skulu vera aðgengilegar gestum gististaðarins.                                                                                                                              |
| Öryggis- og CE-vottun | Búnaður skal uppfylla viðeigandi öryggis- og CE-kröfur sem gilda á EES-svæðinu.                                                                                                        |
| Framkvæmd             | Vinna við raflagnir og tengingar skal unnin af löggiltum rafverktaka og vera í samræmi við leiðbeiningar Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar um hleðslu rafbíla og raflagnir. |

## 3.3 Rekstrarskuldbinding

Styrkþegi skuldbindur sig til að reka hleðslustöðvarnar samfelld í að lágmarki fimm ár frá gangsetningu. Ef rekstur er lagður af eða stöðvarnar teknar úr notkun innan þess tímabils getur sjóðurinn krafist endurgreiðslu á hluta eða öllum styrknum, sbr. kafla 9.

## 4 Styrkhæfur kostnaður

### 4.1 Viðurkenndur kostnaður

Styrkur tekur fyrst og fremst til fjárfestingarkostnaðar við uppsetningu hleðslustöðva. Eftirfarandi kostnaðarliðir eru styrkhæfir:

- Kaupverð hleðslubúnaðar (hleðslustöð og tengdur búnaður).
- Kostnaður vegna lagningar raflagna frá rafmagnstöflu að hleðslustöð.
- Uppsetningarkostnaður, þ.m.t. jarðvinna, undirstöður og frágangur.

### 4.2 Ekki styrkhæfur kostnaður

Eftirfarandi telst ekki styrkhæfur kostnaður:

- Launakostnaður umsækjanda.
- Rekstrarkostnaður stöðva eftir gangsetningu.
- Orkukostnaður (raforka).
- Viðhald og varahlutir.
- Virðisaukaskattur.
- Kostnaður sem stofnað var til áður en umsókn barst sjóðnum.
- Fjármagnskostnaður og vextir.

## 5 Umsókn

### 5.1 Umsóknargátt

Umsóknum skal skilað í rafrænu umsóknarkerfi á orkusjodur.is á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Umsóknir sem berast með öðrum hætti eða eftir auglýstan frest verða ekki teknar til meðferðar.

### 5.2 Efni umsóknar

Umsókn skal innihalda:

1. Almennar upplýsingar um umsækjanda: nafn, kennitölu, heimilisfang, tengilið og netfang.
2. Upplýsingar um gististaðinn: tegund (a eða b), númer rekstrarleyfis, staðsetningu, fjölda herbergja og fjölda bílastæða.
3. Verkefnislýsingu: fjölda og staðsetningu nýrra hleðslustöðva, afl hverrar stöðvar og lýsingu á fyrirhuguðum búnaði.
4. Lýsingu á núverandi aðstöðu: núverandi hleðsluinnviði á staðnum og fjarlægð í næstu aðgengilegu hleðslustöðvar.

5. Tíma- og verkáætlun: áfanga, lykildagsetningar og áætlaða dagsetningu gangsetningar.
6. Sundurliðaða kostnaðaráætlun án virðisaukaskatts, ásamt fjármögnunaráætlun þar sem fram kemur að mótframlag sé að lágmarki 67% af styrkhæfum kostnaði.
7. Staðfestingu á að uppsetning hleðslustöðvanna sé ekki hafin þegar umsókn er lögð fram.
8. Staðfestingu á rekstrarskuldbindingu í að lágmarki fimm ár.

## 5.3 Fylgigögn

| Fylgigagn                                                                     | Athugasemd                                                                                                                                              |
|-------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Staðfesting á rekstrarleyfi (ef umsækjandi er rekstrarleyfishafi gististaðar) | Staðfesting á að umsækjandi reki gististað af tegund a eða b samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, með gilt rekstrarleyfi.                         |
| Samstarfssamningur (ef umsækjandi er rekstraraðili hleðslustöðva)             | Undirritaður samstarfssamningur (sjá kafla 5.4) rekstraraðila og gististaðar af tegund a eða b. Má vera með fyrirvara um styrkveitingu.                 |
| Heimild lóðarhafa                                                             | Vilyrði eða staðfesting á heimild til uppsetningar hleðslustöðva á tilgreindri staðsetningu, eigi umsækjandi ekki lóðina þar sem stöðvar verða reistar. |
| Tæknilýsing búnaðar                                                           | Gögn sem staðfesta fjölda stöðva, greiðslumöguleika, afl (að lágmarki 22 kW hver stöð) og CE-vottun.                                                    |
| Kostnaðarmat                                                                  | Tilboð eða kostnaðarmat frá löggiltum rafverktaka og öðrum verktökum, sundurliðað á efni og vinnu.                                                      |

## 5.4 Samstarfssamningur

Þegar umsækjandi er rekstraraðili hleðslustöðva skal undirritaður samstarfssamningur rekstraraðila og gististaðar liggja fyrir við umsókn. Samningurinn má vera með fyrirvara um styrkveitingu og skal að lágmarki tilgreina:

- Aðila samningsins: rekstraraðila (umsækjanda og styrkþega) með nafni og kennitölu, og gististað með nafni, kennitölu, tegund gististaðar (a eða b) og númeri rekstrarleyfis.
- Staðsetningu stöðvanna og heimild gististaðar, og eiganda fasteignar ef annar, til uppsetningar, reksturs, aðgangs og viðhalds á staðnum allan skuldbindingartímann.
- Fjölda og afl stöðva og að þær þjóni gestum gististaðarins.
- Að rekstraraðilinn beri ábyrgð á að uppfylla öll skilyrði styrkveitingarinnar, þ.e. tæknilegar kröfur, aðgengi gesta, rekstur í fimm ár, skýrslugjöf, afhendingu notkunargagna og varðveislu gagna, og að gististaðurinn skuldbindi sig til að gera honum það kleift.
- Að stöðvarnar séu í rekstri í að lágmarki fimm ár frá gangsetningu og að gististaðurinn fari ekki fram á að þær verði fjarlægðar á tímabilinu.
- Hvað gerist rofni samstarfið innan fimm ára, þ.e. tilkynningarskyldu til sjóðsins og að rekstraraðilinn beri áfram ábyrgð gagnvart sjóðnum og kunni að sæta endurkröfu.

- Eignarhald búnaðar og hver hefur tekjur af rekstrinum.
- Gildistíma samningsins, að lágmarki fimm ár frá gangsetningu.

Samningurinn skal undirritaður af þar til bærum fyrirsvarsmönnum beggja aðila.

## 5.5 Frestir

Umsóknartímabil er 1. júlí 2026 til 15. október 2026 kl. 15:00. Umsóknargátt lokar sjálfkrafa við lok frestsins. Gert er ráð fyrir að úthlutun liggi fyrir innan 12 vikna frá lokun umsóknargáttar.

## 5.6 Leiðbeiningar um góða umsókn

- Kynnið ykkur leiðbeiningar Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar um hleðslu rafbíla og raflagnir á hms.is áður en hafist er handa.
- Lýsið skýrt hvar hleðslustöðvarnar verða staðsettar og hvernig gestir hafa aðgang að þeim.
- Gerið grein fyrir núverandi hleðsluinnviðum á staðnum og fjarlægð í næstu aðgengilegu hleðsluinnviði.
- Leggið fram raunhæfa kostnaðar- og fjármögnunaráætlun.
- Fáðið löggiltan rafverktaka til þátttöku snemma í ferlinu þar sem undirbúningur getur tekið tíma.
- Gætið þess að öll nauðsynleg fylgigögn fylgi umsókn. Heimilt er að vísa frá umsóknum með ófullnægjandi gögnum.

## 6 Matsferli

### 6.1 Yfirlit

Matsferlið skiptist í fjögur skref:

1. Formlegt mat á styrkhæfi (móttaka og frumathugun).
2. Faglegt mat fagraðs á gæðum og innihaldi umsóknar.
3. Forgangsöröðun og greinargerð fagraðs.
4. Ákvörðun stjórnar Loftslags- og orkusjóðs.

### 6.2 Formlegt mat á styrkhæfi

Starfsfólk sjóðsins fer yfir hverja umsókn og metur hvort hún uppfylli formleg skilyrði:

- Umsókn barst innan frests í réttu kerfi.

- Umsækjandi er styrkhæfur lögaðili samkvæmt kafla 3.1, þ.e. rekstrarleyfishafi gististaðar af tegund a eða b eða rekstraraðili hleðslustöðva í samvinnu við slíkan gististað.
- Verkefnið felur í sér uppsetningu að lágmarki tveggja nýrra hleðslustöðva, að lágmarki 22 kW hver stöð.
- Öll tilskilin fylgigögn liggja fyrir.

Umsóknum sem uppfylla ekki formleg skilyrði er vísað frá með rökstuddri ákvörðun.

## 6.3 Faglegt mat fagráðs

Fagráð metur allar styrkhæfar umsóknir faglega og skilar stjórn skriflegri greinargerð með tillögu um forgangsöröðun. Fagráð skal hafa þekkingu á hleðsluinnviðum.

Fagráð metur umsóknir eftir eftirfarandi matspáttum.

| Matspáttur                                     | Lýsing                                                                                                               | Vægi |
|------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------|
| Fjöldi herbergja                               | Því fleiri herbergi sem gististaðurinn hefur, því fleiri gestir njóta innviðanna.                                    | 40%  |
| Núverandi hleðsluinnviðir á staðnum            | Umfang núverandi hleðsluinnviða við gististaðinn ráða einkunn í þessum matspátti. Minni innviðir gefa hærri einkunn. | 30%  |
| Fjarlægð frá næstu aðgengilegu hleðsluinnviðum | Því lengra sem er í næstu aðgengilegu hleðsluinnviði, því meiri ávinningur af nýrri stöð.                            | 20%  |
| Raunhæfni verkefnis                            | Raunhæfni tíma- og fjármögnunaráætlunar.                                                                             | 10%  |

Fagráð gefur hverri umsókn einkunn 0 til 5 fyrir hvern matspátt. Lokaeinkunn er vegið meðaltal einkunna. Umsóknir með lokaeinkunn undir 2,5 koma ekki til greina við úthlutun.

## 6.4 Forgangsöröðun

Fagráð raðar styrkhæfum umsóknum í forgangsörð eftir lokaeinkunn. Ef tvær eða fleiri umsóknir fá sömu einkunn ræður matspátturinn fjölda herbergja (matspáttur 1) forgangi. Fagráð skilar stjórn skriflegri greinargerð þar sem fram koma einkunnir, forgangsöröðun og rökstuðningur.

## 6.5 Ákvörðun stjórnar

Stjórn Loftslags- og orkusjóðs tekur endanlega ákvörðun um styrkveitingar. Ákvarðanir stjórnar eru endanlegar á stjórnsýslustigi. Öllum umsækjendum er tilkynnt um niðurstöðu með umsögn. Nöfn styrkþega, heiti verkefna, stutt lýsing verkefna og upphæðir eru birtar á vef Umhverfis- og orkustofnunar.

## 6.6 Samskipti við umsækjendur á matstímabili

Umsækjendur skulu ekki hafa samband við stjórn eða fagrað á meðan matsferli stendur yfir. Starfsfólk sjóðsins má hafa samband við umsækjanda til að kalla eftir viðbótargögnum eða skýringum. Það er ábyrgð umsækjanda að setja fram allar viðeigandi upplýsingar í umsókn. Almennar fyrirspurnir um ferlið skulu sendar á [orkusjodur@uos.is](mailto:orkusjodur@uos.is).

## 7 Samningar og greiðslur

### 7.1 Tilkynning um niðurstöðu

Umsækjendum er tilkynnt um niðurstöðu með tölvupósti innan viku frá ákvörðun stjórnar ásamt umsögn. Samhliða er birt samantekt á vef sjóðsins um styrkt verkefni.

### 7.2 Samningur

Styrkþegi gerir skriflegan samning við Loftslags- og orkusjóð innan mánaðar frá tilkynningu um styrkúthlutun. Samningurinn er gerður á grundvelli reglugerðar um sjóðinn og skilyrða í handbók þessari og inniheldur meðal annars:

- Heiti verkefnis, styrkfjárhæð og styrkhlutfall.
- Tímafrest til að ljúka verkefninu, 12 mánuðir frá tilkynningu um úthlutun.
- Tilvísun í samstarfssamning eftir því sem við á.
- Skilyrði um rekstur hleðslustöðvanna í að lágmarki fimm ár.
- Skyldu til að skila lokaskýrslu og fjárhagsuppgjöri innan tímafrests.
- Ákvæði um endurkröfurétt.
- Ákvæði sem varðar kynningarefni, sbr. kafla 8.4.

### 7.3 Greiðsluskipan

Styrkur greiðist í einni greiðslu eftir að:

1. Hleðslustöðvar (að lágmarki 22 kW hver stöð) hafa verið settar upp og teknar í rekstur.
2. Staðfesting löggilts rafverktaka liggur fyrir.
3. Lokaskýrsla og fjárhagsuppgjör hafa verið afhent sjóðnum, sbr. kafla 8.2.
4. Sjóðurinn hefur samþykkt lokaskýrsluna og staðfest að öll skilyrði samnings og styrkveitingar hafi verið uppfyllt.

Styrkur greiðist í samræmi við endanlegan styrkhæfan kostnað verkefnisins. Styrkuppghæð verður ekki hærri en sú sem tilgreind er í samningi en getur orðið lægri ef kostnaður er minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.

## 7.4 Gildistími samnings og framlenging

Styrkur fellur niður ef verkefninu er ekki lokið innan tilgreinds tímafrests, nema samið hafi verið um framlengingu. Beiðni um framlengingu skal vera skrifleg og rökstudd og berast sjóðnum áður en upphaflegur frestur rennur út. Að öðrum kosti getur sjóðurinn fellt niður styrkveitinguna án frekari tilkynningar.

## 8 Skýrslugjöf og eftirfylgni

### 8.1 Tilkynningarskylda á verktíma

Styrkþegi skal tafarlaust tilkynna sjóðnum ef upp koma aðstæður sem valda töfum, breyttum forsendum eða geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins.

### 8.2 Lokaskýrsla og fjárhagsuppgjör

Lokaskýrslu skal skilað innan samningstíma á þar til gerðu eyðublaði í umsóknarkerfi sjóðsins. Hún skal innihalda:

- Greinargerð um framkvæmd verkefnisins, frávik og niðurstöður.
- Upplýsingar um dagsetningu gangsetningar, staðsetningu og tæknilega útfærslu uppsettra stöðva (afl og fjölda) og greiðslumöguleika.
- Staðfestingu löggilts rafverktaka á að framkvæmdirnar séu í samræmi við umsóknina og leiðbeiningar Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar um hleðslu rafbíla og raflagnir.
- Myndir af uppsettum stöðvum.
- Sundurliðað fjárhagsuppgjör á móti upphaflegri áætlun.
- Reikninga vegna styrkhæfs kostnaðar og staðfestingar á greiðslum.

### 8.3 Eftirlit á rekstrartíma

Á rekstrartímabilinu (fimm ár frá gangsetningu) getur sjóðurinn kallað eftir staðfestingu á að stöðvarnar séu í rekstri og uppfylli skilyrði ásamt gögnum um notkun. Styrkþegi skal veita slíkar upplýsingar innan tveggja vikna frá beiðni.

### 8.4 Kynningarefni

Á öllu útgefnu efni sem tengist styrktum hleðslustöðvum skal koma fram að verkefnið sé styrkt af Loftslags- og orkusjóði.

## 8.5 Varðveisla gagna

Styrkþegi skal varðveita öll gögn sem tengjast verkefninu og fjárhagslegri framkvæmd þess í að lágmarki sjö ár frá lokum verkefnisins. Gögnin skulu vera aðgengileg sjóðnum og Ríkisendurskoðun.

## 8.6 Birting upplýsinga

Loftslags- og orkusjóður birtir nöfn styrkþega, heiti verkefna, stutta lýsingu verkefna og upphæð styrkja á vef Umhverfis- og orkustofnunar.

## 9 Endurkröfuréttur

Forsendur styrkveitinga teljast brostnar og sjóðnum er heimilt að ógilda styrkveitingu og krefja styrkþega um endurgreiðslu, að hluta eða heild, ef:

- Skilyrði styrkveitinga eru ekki uppfyllt, þ.m.t. tæknilegar kröfur.
- Rangar eða villandi upplýsingar voru veittar í umsókn eða skýrslum.
- Styrkþegi sinnir ekki tilkynningar-, skýrslu- eða varðveisluskyldum.
- Rekstri stöðvanna er hætt eða samstarf rekstraraðila og gististaðar rofnar innan fimm ára þannig að rekstri er ekki haldið áfram.

Ef rekstur stöðvanna er lagður af innan fimm ára (60 mánaða) frá gangsetningu án gildra ástæðna getur sjóðurinn krafist hlutfallslegrar endurgreiðslu. Reiknireglan er:

$$\text{Endurgreiðsla} = \text{styrkur} \times (60 - \text{rekstrarmánuðir}) / 60$$

Stjórn sjóðsins getur vikið frá þessari reglu í undantekningartilvikum, svo sem vegna ófyrirsjáanlegra atburða.

## 10 Almennar upplýsingar

### 10.1 Hæfi og vanhæfi

Stjórnarmeðlimir og fagráðsfulltrúar eru bundnir af stjórnsýslulögum nr. 37/1993, einkum ákvæðum þeirra um hæfi. Einstaklingar sem tengjast umsækjanda eða hafa hagsmuni af niðurstöðu umsóknar víkja frá meðferð viðkomandi máls.

### 10.2 Meðferð trúnaðarupplýsinga

Upplýsingar úr umsóknum eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og einungis nýttar í tengslum við meðferð umsóknarinnar. Sjóðurinn birtir þó nöfn styrkþega, heiti styrkra verkefna, stutta

lýsingu á þeim og upphæð styrkja. Starfsfólk, stjórnarmeðlimir og fagraðsfulltrúar eru bundnir þagnarskyldu.

### 10.3 Misferli og rangar upplýsingar

Ef fram koma upplýsingar sem benda til þess að umsækjandi eða styrkþegi hafi veitt rangar eða villandi upplýsingar getur sjóðurinn ógilt styrkveitingu, krafist endurgreiðslu og tilkynnt málið til viðeigandi yfirvalda.

### 10.4 Tengiliðir og fyrirspurnir

- Allar opnar auglýsingar hjá Loftslags- og orkusjóði eru birtar á [www.orkusjodur.is](http://www.orkusjodur.is).
- Öll umsýsla umsókna, þar með talið skil á lokaskýrslu og fyrirspurnir vegna einstakra umsókna, skal fara fram í gegnum umsóknarkerfi sjóðsins ([www.umsoknir.orkusjodur.is](http://www.umsoknir.orkusjodur.is)).
- Almennar fyrirspurnir áður en umsóknir eru sendar inn: [orkusjodur@uos.is](mailto:orkusjodur@uos.is).
- „Spurt og svarað“ verður birt á vef sjóðsins en þar má finna svör við algengum spurningum.